

Náttúrustofa Norðausturlands
Hafnarstétt 3
640 Húsavík

Reykjavík, 28. apríl 2021
UST202103-430/Þ.V.B.
09.05.01

Leyfi til rannsókna - Látrabjarg

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrustofu Norðausturlands, dagsett 26. mars 2021, um leyfi til rannsókna innan friðlandsins við Látrabjarg.

Látrabjarg er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 300/2021. Óheimilt er að lenda þylum og öðrum mönnum loftförum innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að nota fjarstýrð loftför nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Náttúrufarsrannsóknir innan friðlandsins, aðrar en náttúrufarsrannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafrannsóknarstofnunar, eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að trufla dýralíf og raska gróðri í friðlandinu, bæði á landi og í sjó. Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan friðlandsins, nema með sérstöku leyfi. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við markmið friðlýsingarinnar, samþykkt skipulag og skulu ekki rýra verndargildi svæðisins. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan friðlandsins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að stunda rannsóknir á sjófuglum innan friðlandsins. Verkefnið snýst um að kortleggja ferðir fýla, langvíu, ritu og stuttnefju utan varptímans með notkun dægurríta. Fuglarnir yrðu snaraðir á hreiðrum á svæðinu frá vita að Ritugjá svo hægt sé að endurheimta dægurríta og/eða setja þá á fætur fuglana. Eftir atvikum yrðu fuglarnir mældir og tekin blóð og fiðursýni. Meðhöndlunartími hvers fugls yrði 6-15 mín og honum síðan sleppt á sama stað. Til þess að komast að hreiðrunum þarf að fara útfyrir girðingar sem staðsettar eru á bjargbrún. Sá sem sér um snörunina verður festur í öryggisband sem tryggt yrði með hælum í jörð. Að verkefninu koma 3 starfsmenn Náttúrustofu Norðausturlands. Verkefnið fer fram í júní og er sótt um að leyfið gildi í 5 ár.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að rannsóknin muni hafa jákvæð áhrif á gildi hins friðaða svæðis í þeim skilningi að hún eykur við þekkingu á lífríki svæðisins. Gestir svæðisins munu verða varir við það þegar fuglar eru fangaðir og farið útfyrir öryggisgirðingar. Umhverfisstofnun metur að sé farið eftir skilyrðum leyfis muni framkvæmd rannsóknarinnar ekki hafa neikvæð áhrif á upplifun gesta.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrustofu Norðausturlands fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsóknarverkefninu innan friðlandsins Látrabjargs sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 1. júní 2021 til 30. júní 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær rannsóknin fer fram ár hvert hefst og hvenær henni lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga og öryggisgirðingar skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga og öryggisgirðinga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Rannsóknaraðilar skulu vera merktir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur